

Sp. 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um rannsókn á orsökum minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi.

Flm.: Guðmundur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka orsakir minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi eftir 1978. Leitað verði samstarfs við Færeyinga og aðrar þjóðir um rannsókn þessa.

Greinargerð.

Samkvæmt veiðiskýrslum er ljóst að átt hefur sér stað gífurleg minnkun laxveiða hér á landi undanfarin þrjú ár. Í skýrslum Veiðimálastofnunar kemur fram að meðalveiði eftirtalinna ára var þessi:

1946—1950	17 373	laxar
1951—1955	19 604	—
1956—1960	26 913	—
1961—1965	36 234	—
1966—1970	40 208	—
1971—1975	64 135	—

Veði næstu ára var sem hér segir:

1976	59 633 laxar
1977	64 575 —
1978	80 578 —
1979	64 228 —
1980	52 137 —

Á árinu 1981 er áætlað að veðin verði um 45 000 laxar. Þannig er ljóst að um verulega minnkun veiða er að ræða frá 1978.

Veðihlutfall eftir kjördæmum 1978 til 1980 var þannig:

	1978		1979		1980	
	laxar	%	laxar	%	laxar	%
Reykjaneskjördæmi	5 533	6,9	5 329	8,3	5 025	9,6
Vesturlandskjördæmi	29 174	36,2	25 347	39,4	17 237	33,0
Vestfjarðakjördæmi	1 911	2,4	2 294	3,6	1 557	3,0
Norðurlandskjörd. v.	12 462	15,5	10 540	16,4	8 062	15,5
Norðurlandskjörd. e.	7 234	8,9	5 561	8,7	5 306	10,2
Austurlandskjördæmi	4 041	5,0	2 159	3,4	1 718	3,3
Suðurlandskjördæmi	20 223	25,1	12 998	20,2	13 232	25,4
Samtals	80 578		64 228		52 137	

Af töflu þessari má m. a. ráða að veðurfarsáhrif ársins 1979 hafi leitt til hinnar almennu minnkunar laxveiða á landinu í heild. En þó virðist sú skýring ekki fullnægjandi. Austurland sker sig úr þegar lítið er á hlutfall kjördæma í heildarveiðinni. Á því þarf að leita frekari skýringa.

Auknar laxveiðar í hafinu umhverfis Færeyjar undanfarin ár gefa tilefni til ótta um áhrif á nefnda þróun hér á landi.

Veidar Dana og Færeyinga við Færeyjar frá 1976 hafa verið þessar mælt í tonnum:

	Danir	Færeyingar	Samtals
1976	0	40	40
1977	0	40	40
1978	14	37	51
1979	75	119	194
1980	150	568	718

Áætlaðar veiðar þessara þjóða 1981 eru um 1000 tonn. Gera má ráð fyrir að um 250 til 260 fiskar séu í hverju tonni. Er því heildarveiði Dana og Færeyinga við Færeyjar nálægt sex sinnum meiri en veiði Íslendinga 1981 og hefur um tuttugufaidast frá 1978.

Á síðustu árum hefur mönnum á Íslandi orðið æ ljósari nauðsyn aukinnar fjölbreytni í landbúnaði. Hefur áhugi á fiskirækt og efnahagslegt gildi laxveiða farið vaxandi. Er því knýjandi að leita skýringar á minnkandi afrakstri laxveiða undanfarin ár og leita úrræða til bóta.